

Nd.

249. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Öfundarfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í Hjarðardal í Öfundarfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

G r e i n a r g e r ð .

Hjarðardalur er innst við Öfundarfjörð sunnanverðan, og er þar ágæt náttúrleg höfn. Er frv. þetta flutt í þeim tilgangi, að unnt verði að vátryggja báta, sem stunda veiðar þaðan.